



Alþingi
Erindi nr. P 127/1589
komudagur 3.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Stykkishólmi 2. apríl 2002.

Varðar Umsögn um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.


Stykkishólmsbær þakkar fyrir að vera gefið tækifæri til að gera athugasemdir við áður nefnt frumvarp, sbr. bréf umhverfisnefndar, dags. 19.3.2002.


Stykkishólmsbær tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga (sjá bókun hér fyrir neðan) og leggur ríka áherslu á að framlag sveitarfélaga verði lækkað.

“Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 15. mars, var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 1. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 520. mál, gjaldtökuheimildir og náttúrustofur.

Stjórnin ítrekar fyrri afstöðu sína til frumvarpsins, sbr. bréf dags. 9. maí 2001, þar sem stjórnin leggst gegn því að fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna rekstrar náttúrustofa miðist við 30% af framlagi ríkisins og leggur til að ákvæði þess efnis verði fellt út úr síðasta málslíð 3. gr. frumvarpsins. Að teknu tilliti til þessa atriðis mælir stjórnin með samþykkt frumvarpsins.”

Virðingarfyllst,


Óli Jón Gunnarsson,
bæjarstjóri.



ÓJG/ihs.